Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

Fornleifakönnun við Staðará Skagafirði

- Áfangaskýrsla -



Gröf konu fremst á melbrún við Staðará.

Guðný Zoëga

September 2006

2006/55

© Guðný Zoëga Byggðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2006/55

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit **1**
Inngangur **2**
Uppgröftur 2006 ..... **5**
Hringlaga gerði/jarðmyndun 5
Skurður 1 5
Skurður 2 6
Skurður 3 7
Grafir 7
Gröf 1 8
Gröf 2 8
Gröf 3 9
Úrvinnsla framundan **13**
Fylgiskjöl: 14
Heimildaskrá **15**

Horft til norðurs yfir rannsóknarsvæðið. Býlið Melur vinstra megin á mynd. Ljósm. GZ.

Inngangur

Sumarið 2005 fór fram fornleifaskráning á vegum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga á Langholti. Þá voru skráðar leifar dysja eða kumla sem liggja á svokölluðum Hvammabörmum í Melsgili, austan og sunnan Staðarár, þar sem hún rennur um land Reynistaðar.

Á undanförnum áratugum hefur jarðvegur á austurbrúnum Melsgils veðrast og fokið burtu. Melsgilið dregur nafn sitt af bænum Mel sem stendur í mynni gilsins, þar sem Sæmundaráin hefur sorfið farveg niður í gegnum forna malarkamba. Þar bugðast hún fram, breytir um stefnu og nafn og kallast Staðará. Á austurbarmi gilsins, í landi Holtsmúla, hafa fundist mannabein, flest á 5. áratug 20. aldar. Stutt var niður á beinin og samspil frosts og hvassviðris veldur því að þau lyftast og birtast ofanjarðar af og til. Vitað er að þarna hafa menn lengi verið að hirða upp og fjarlægja uppblásin mannabein.

Þrjár dysjar/kuml voru skráð við vettvangsathugunina. Þær voru vestast á Hvammabörmum, vestan við vegslóða sem liggur eftir melnum. Greinilegar voru þrjár grjóthleðslur, með einfölu grjótlagi sem jarðvegur hefur fokið ofan af.

Horft til suðurs yfir hringlaga garðlag/jarðmyndun. Ljósm. GZ.

Um 20 m norðan við dysjarnar á Hvammabörmum lá hringlaga garðlag, hlutverk þess óþekkt. Ekki var að sjá neinar dyr eða hlið á því. Mjög þýft var í og kringum garðlagið og innan í því. Breidd veggja er 2-3 metrar og hæð um 30 cm þar sem hæst er innan garðs, innanmál er 17x20 m. Norðvestur kantur garðlagsins er nokkuð rofin að utan.

Skarðsárannáll[1] greinir frá því að árið 1453 hafi 18 þjófar verið fangaðir vestan við Staðaröxl í helli sem kallaður hefur verið Þjófahellir. Höfðu þeir rænt kvenfólki, reiðtygjum og vopnum og borið í hellinn. Smalamaður á Reynistað komst að hellinum, bar frá þeim vopnin meðan þeir sváfu og sagði til þeirra. Þeir voru færðir að Reynistað, geymdir þar í þrjár nætur meðan þingað var en síðan voru 17 þeirra

[1] *Annálar 1400-1800*, 1922-1927, I. Skarðsárannáll. Bls. 63.

hengdir þar suður á vellinum, er síðan heitir Gálgagarður. Sá 18. fékk líf fyrir æsku sakir og höfðu hinir hrætt hann til að fylgja sér. Þannig skýrir Björn Jónsson annálsritari (d.1665) á Skarðsá í Sæmundarhlíð þessa atburði. Er beinin fóru að birtast á gilbarminum í kring um 1940 var þessi saga samstundis tengd þeim. Í frásögn Björns kemur hins vegar fram að mennirnir voru „dysjaðir fyrir sunnan á í gilinu, þar sem heitir Dysjagil“[2]. Nokkru fyrir austan fundarstað beinanna á gilbarminum er alldjúpur grafningur eða gil, sem kallast Dysjagil. Það opnast til norðurs stutt frá núverandi brú á Staðará og liggur til suðsuðausturs skammt þar frá sem Dysjavað er á ánni[3]. Hafa beinin af sumum verið talin leifar þessara sakamanna.

Náttúrustofa Norðurlands vestra lét kolefnisaldursgreina bein sem sögð voru úr dysjunum, á aldursgreiningarstofu Árósaháskóla, og benda niðurstöður til að beinin séu frá 11. öld. Slíkar aldursgreiningar ber að taka með þeim fyrirvara að aldur minjanna getur hlaupið á nokkrum tugum ára. Því kunna þær niðurstöður að benda til að hér sé fremur um að ræða kumlateig heldur en fyrrnefndar ræningjadysjar frá 15. öld. Hinsvegar var uppruni sýnisins sem sent var út fremur óljós og ljóst að frekari rannsóknir þurfti til að staðfesta að aldur beinanna sem og hvort um mannabein væri að ræða.

Vorið 2006 var því sótt um styrk í Fornleifasjóð til að gera fornleifakönnun á svæðinu til að reyna að ákvarða hvort hringlaga gerðið er manngert og hvort að eitthvað væri enn eftir af gröfunum sem hafa verið að blása upp alla síðustu öld. Styrkur fékkst til verksins og fór rannsóknin fram sumarið 2006.

[2] Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001. Bls. 134-135.
[3] Sama heimild. Bls. 16.

Uppgröftur 2006

Verkið hófst 4 júlí og stóð með hléum í einar þrjár vikur en veður var afar óhagstætt fyrir uppgraftarvinnu. Fyrst voru þrír könnunarskurðir teknir í meint gerði en svo var grafið í þá þrjá staði sem líklegastir þóttu til að teljast grafir.

Hringlaga gerði/jarðmyndun

Skurður 1

Í Byggðasögu Skagfirðinga II er getið um beinafund á melunum austan Staðarár og um hringlaga gerði rétt sunnan við þar sem beinin fundust. Gerðið, sem er um 25x28 m að utanmáli, var einnig skráð og mælt upp vegna skráningar fornleifa á Langholti á vegum Fornleifadeildar Byggðasafnsins. Tekinn var skurður í gerðið sunnanvert, þvert yfir það sem talinn var veggur þess. Skurðurinn var 1x6m og var grafið niður að hvítri gjósku sem greinileg er um allan Skagafjörð og er frá gosi í Heklu árið 1104. Grafið var niður að þessu lagi í öllum skurðinum til að hægt væri að gera sér grein fyrir hvernig landslagið hefur verið á staðnum þegar lagið féll. Lagið lá óhreyft í öllum skurðinum og var greinilegt að þarna hefur verið nokkuð þýft landslag þegar öskulagið féll. Nú er mjög stórþýft innan hringsins og virðist sem að landslag hafi verið svipað þegar lagið hefur fallið. Þegar grafið var niður fyrir lagið komu í ljós óhreyfð lög alveg niður að þykku ljósu forsögulegu

Gjóska frá Heklu 1104. Greinilegt er að landslag hefur verið ójafnt þegar lagið féll. Ljósm. GZ.

Jarðlög eftir endilöngu austursniði skurðar 1. Engin merki voru um hleðslur. Ljósm. GZ.

gjóskulagi (H3). Um 10 cm neðan við 1104 gjóskuna var þunnt svart gjóskulag sem lá óhreyft í öllum skurðinum. Milli þessara tveggja gjóskulaga er svo fínkornótt fokmoldarlag. Syðst í skurðinum, þar sem að virðist á yfirborði vera veggur, er þetta fokmoldarlag nokkru þykkara. Ekki er hægt að sjá greinileg merki um að garðurinn sé manngerður, og engin augljós merki eru um torf eða niðurgröft af neinu tagi. Þó er greinilegt af öllum jarðlögum í skurðinum að yfirborð hefur alltaf verið þýft á svæðinu, sem sést á því að forsögulega gjóskan H3 liggur líkt og að hún hafi fallið á þýfða eða ójafna jörð. Þar sem að yfirborð jarðvegs hækkar upp og myndar líkt og vegg syðst í hringnum er mjög stutt niður á H3 og þar hverfa önnur gjóskulög alveg. Þetta bendir til þess að jarðvegsrof vegna uppblásturs hafi orðið á svæðinu utan hringsins.

Skurður 2

Þar sem að ummerki öll voru heldur óljós í skurði 1 var annar skurður tekinn í norðurhlið hringsins. Skurðurinn var 1x2 m tekin í ytri brún hringsins. Nyrsti hluti hringsins og svæðið norðan hans er mjög uppblásið og víða rof í gróðurþekjunni. Einungis voru um 50 cm niður á H3 gjóskuna og 1104 gjóskan var greinileg alveg í grasrót. Fast ofan við H3 gjóskuna var dökkt lífrænt jarðvegslag og fylgir það lag H3 gjóskunni í öllum skurðunum sem teknir voru. Milli H3 var svo fokmold með linsum af fínum sandi. Jarðlög í skurðinum benda til, líkt og í skurði 1, að yfirborð hafi fyrrum verið með líku sniði og nú auk þess bera þau merki um áfok og jarðvegseyðingu.

Vesturnsið skurðar 2. Ljósm. GZ.

Skurður 3

Þriðji skurðurinn var grafinn í suðurhlið hringsins rétt vestan skurðar 1. Líkt og í hinum skurðunum tveimur var engin merki að finna um hleðslur eða niðurgröft af neinu tagi. Því er nærtækast að áætla, þó svo að útlit bendi til annars, að hér sé um að ræða náttúrulega jarðmyndun sem hefur myndast fyrir tilstuðlan jarðvegseyðingar og áfoks í gegn um aldirnar. Hinsvegar er ekki loku fyrir það skotið að eitthvert torfhlaðið mannvirki hafi staðið þarna fyrrum og að ummerki um það séu hreinlega blásin burt eða að torfið sé svo niðurbrotið að ekki sé hægt að greina það lengur með góðu móti. Það verður þó að teljast heldur ólíklegt.

Austurnsið skurðar 3. Greinileg merki eru um áfok og jarðvegseyðingu í sniðum skurðanna. Ljósm. GZ.

Grafir

Þrír staðir norðan við áðurnefndan hring virtust líkleg grafstæði. Nyrst þessara myndana var gróin grastorfa vestast á melnum en vestasti hluti hennar, fremst á melbrúninni, hefur blásið upp (Gröf 3 í skýrslu). Í þessari grastorfu fundust mannabein á áttunda áratugnum þegar gerð var könnunarhola á svæðinu. Bein úr þeirri könnun voru send til C14 aldursgreiningar og eru talin frá 11. öld. Vitað er að bein hafa verið að blása upp á melbrúninni í nokkurn tíma og frásögur eru um að þrjár höfuðkúpur hafi fundist en verið grafnar niður aftur einhversstaðar á svæðinu á fyrri hluta 20. aldar. Fátt var sýnilegt á yfirborði en ummerki voru um fyrri uppgröft á svæðinu. Tveir aðrir staðir þóttu líklegir sem legstaðir. Annar var um 6 m suður af nyrsta grafstæðinu, hringlaga gróðurtorfa nokkuð grænni en umhverfið (Gröf 2 í skýrslu). Einnig voru þar greinilegir nokkrir steinar í grasrótinni. Hinn staðurinn sem þótti líklegur var um 8m norðaustur af hringmynduninni og var þar nokkuð greinileg hringlaga grjóthrúga en frá henni virtist bein grjótlína liggja í átt að hringmynduninni

(Gröf 1 í skýrslu). Síðastnefndi staðurinn var fyrst tekinn fyrir eftir að búið var að grafa í hringinn.

Gröf 1

Horft til norðausturs yfir steinhleðslur sem líkleg þóttu til að vera forn gröf. Hringlaga grjótlögn fjær og grjóthleðsla til sv frá henni (nær). Ljósm. GZ.

Syðsti staðurinn sem líklegur þótti til að vera grafstæði var næsta gróðurlaus og uppblásinn en þar virtist grjóti hafa verið raðað í hring og einnig virtist sem að grjóthleðsla lægi frá þessum grjóthring til suðvesturs á um 1,5m kafla. Gróður var hreinsaður af steinunum og þeir mældir upp með alstöð og mælingarnar færðar inn í gagnagrunninn Intrasis. Þegar búið var að hreinsa grjótið í burtu kom í ljós að einungis var um að ræða einfalt lag af grjóti. Undir því lá svo gróf jökulmöl og sandur sem melurinn er gerður af. Grafið var nokkuð niður í mölina en engin merki fundust um annan jarðveg sem bent gæti til grafar, bein fundust heldur ekki. Það virtist því ljóst að hafi þarna verið gröf fyrrum þá er hún nú svo sködduð af uppblæstri að ekkert er eftir nema grjóthleðslurnar.

Gröf 2

Um 18 m norðvestur af „gröf 1“ var annað mögulegt grafstæði. Var það miklu grónara en það sem fyrst var grafið þó svo að steinar hafi verið að hluta greinilegir á

Horft til suðvestur yfir steinhleðslur sem líklegar þóttu til að vera forn gröf. Einföld grjótröð myndar útbrún svæðisins á þrjá vegu.. Ljósm. GZ.

yfirborði. Svæðið var um 4x6 m að ummáli. Þegar búið var að hreinsa ofan af svæðinu kom í ljós einföld steinaröð sem lá á um 4 m kafla frá norðri til suðurs. Einföld steinaröð virðist umlykja svæðið á þrjá vegu og liggja í boga norðantil. Innan þessarar steinaraðar var grjótdreif en mest virtist hún vera í miðju svæðisins. Ekki var hróflað við steinaröðinni en grafið var nokkuð niður í miðju svæðisins. Líkt og á fyrra svæðinu var strax komið niður í grófa jökulmöl og grófan gráleitan sand. Engin merki fundust um niðurgröft, bein eða annað sem gefið gæti til kynna að um gröf væri að ræða.

Gröf 3

Nyrsta svæðið sem skoðað var nokkuð gróið og sáust engir steinar nema í uppgreftri úr könnunarholunni sem gerð hafði verið. Uppgraftarsvæðið var um 3x6 m að ummáli en gróðurtorfan var þó nokkru stærri. Þegar búið var að hreinsa grasrótina í burtu kom í ljós samansafn af steinum vestast á svæðinu en þegar könnunarholan var gerð hefur verið grafið niður í þessa steinahrúgu. Svo virtist sem einfalt lag af steinum hafi myndað aflangt hringlaga svæði en seinni tíma aðgerðir hafa skemmt þessa steinlögn.

Horft til vesturs yfir steinhleðslur yfir gröf nr. 3. Fyrir miðju sést seinni tíma niðurgröftur ofan í gröfina. Ljósm. GZ.

Um 10 cm undir grassverði ofan á og umhverfis þessa steina lá dökkleitt gjóskulag og var sýni tekið úr því til greiningar. Grafið var nokkuð út fyrir þessa grjótlögn til norðurs, austurs og vesturs til að ganga úr skugga um að fleiri grafir væri ekki að finna í næsta nágrenni. Fyrstu mannabeinin fundust vestast í uppmokstrinum úr könnunarholunni en þau voru stopul og greinilega upprótuð. Þegar búið var að mæla upp steinana með alstöð voru þeir teknir í burtu. Þá kom í ljós yfirborð á ferköntuðum niðurgreftri í mölina í melnum og var mold í fyllingunni. Austast í þessum niðurgreftri komu svo í ljós fótabein sem ekki hafði verið hreyft. Efst í melbrekkunni vestast á svæðinu komu einnig fram mannabein sem greinilega voru ekki á sínu stað. Þar komu og hlutar af höfuðkúpu og nokkrar tennur og virtist lega þessara beina passa við að þar hafi verið höfuðendi grafarinnar. Greinilegt var að þar hefur gröfin skemmst af völdum jarðvegseyðingar og smærri bein og beinflísar fundust í hallanum vestan grafarinnar. Gröfin hefur legið austur-vestur og hefur höfuð legið til vesturs.

Þegar hreinsað var ofan af gröfinni kom í ljós að fyrir miðbik hennar hafði verið hreyft við gröfinni í seinni tíð. Neðst í gröfinni lá óhreyfð beinagrind en ofan á brjóstkassa hennar lá ólögulegt samsafn leggja og annarra beina sem ekki tilheyrðu henni. Það er því ljóst að einhvern tíman hefur beinum verið safnað saman af svæðinu, líklega vegna uppblásturs, og þau grafin niður í þá gröf sem að enn var hulin jarðvegi. Í Byggðasögunni segir frá því að á fyrri hluta 20. aldar hafi bein sem voru að blása upp verið hirt og grafin niður og að jarðvegur hafi verið borinn að þeim. Óvíst er hvort hér er um þau bein að ræða en heimildamaður Byggðasögunnar kom á svæðið og minnti þá að einungis hefði verið um höfuðkúpur að ræða.

Horft til vesturs yfir gröf 3. Greinilegur niðurgröftur í melinn. Stika fremst á mynd 20cm. Ljósm. GZ.

Beinin voru hreinsuð og tekin upp eins varlega og mögulegt var en fyllingin í gröfinni var nokkuð malarskotin og því var það seinlegt verk. Sum beinanna höfðu augljóslega veðrast og voru misvel farin. Þegar búið var að hreinsa þessa beinahrúgu ofan af neðstu beinagrindinni kom í ljós að hún var heilleg nema hvað kjúkur af vinstra fæti vantaði og einnig hafði vinstri handleggur færst úr stað þegar aukabeinunum hefur verið komið fyrir í gröfinni. Einnig hefur höfuðkúpan verið sködduð vegna uppblásturs og hana vantar fyrir utan nokkur brot.

Horft til vesturs yfir beinagrindina. Hrúga af beinum lá ofan á grindinni í vesturenda grafar. Ljósm. GZ.

Beinagrindin var hreinsuð og mynduð og síðan tekin upp og færð í rannsóknaraðstöðu Fornleifadeildar Byggðasafnsins á Sauðárkróki. Þar voru beinin hreinsuð og þeim pakkað og bíða nú frekari greiningar.

Úrvinnsla framundan

Að rannsókninni lokinni er ljóst að hringlaga garðurinn, sem talinn hefur verið manngerður, kann að vera náttúrumyndun sem, fyrir tilstilli vatnsrofs og veðrunar, hefur tekið þetta form. Þarna hafa menn augljóslega verið grafnir í melinn en víst er að þar er ekki um að ræða ræningja þá sem sagan greinir frá. Óvíst er hvort um er að

Horft ofan á beinagrindina í gröf 3 eftir að búið var að hreinsa í burtu öll aukabein. Höfuðkúpu vantar en nokkur höfuðkúpubrot fundust vestast í gröfinni. Stika er 20cm. *Ljósm. GZ.*

ræða heiðnar eða kristnar grafir þar sem að engir gripir fundust, auk þess sem sú grafanna sem óskemmdust var, snéri austur-vestur líkt og algengast er með kristnar grafir. Annar grafarumbúnaður og staðsetning grafanna líkist þó helst heiðnum kumlum.

Enn er eftir að greina beinin frekar en þó er ljóst að neðsta beinagrindin í Gröf 3 er af konu, líklega um 30-45 ára. Einnig er ljóst að í gröfinni voru leifar a.m.k. þriggja einstaklinga sem passar við það að þarna hafi áður fundist þrjár höfuðkúpur. Það er freistandi að geta sér þess til að hinar tvær beinagrindurnar hafi tilheyrt stöðunum tveimur (Gröf 1 og Gröf 2), sem voru rannsakaðar. Þeir staðir voru á yfirborðinu með svipuðum ummerkjum og gröfin sem beinagrindin fannst í. Hinsvegar er ekki hægt að

fullyrða að svo sé þar sem að engin bein eða önnur ummerki en grjóthleðslurnar bentu til að svo kynni að vera.

Auk beinagreiningarinnar verða, að fengnu leyfi Safnaráðs, tekin sýni úr öllum þremur einstaklingunum til kolefnisaldursgreiningar og verða þau send AMS aldursgreiningarstofunni við Háskólann í Árósum. Auk þess verður, ef þurfa þykir sent gjóskusýni til greiningar. Áhugavert verður að bera aldursgreiningarnar saman við þá greiningu sem Náttúrustofa Norðurlands vestra lét gera þar sem að greiningar verða nákvæmari eftir því sem fjöldi þeirra er meiri. Endanleg skýrsla mun koma út þegar að beinagreiningu og aldursgreiningunni er lokið en nokkurn tíma getur tekið að fá niðurstöður kolefnisaldursgreininga. Einnig á eftir að vinna frekar úr uppmælingum og teikningum úr uppgreftrinum.

Víst er að enn kunna að leynast grafir í melunum við Staðará og enn fleiri kunna að hafa horfið í aldanna rás. Þó má telja að nú hafi þeim verið bjargað sem í mestri hættu voru vegna jarðvegsrofs og eru þær mikilvæg viðbót við þekkingu á fornum legstöðum og grafsiðum í Skagafirði.

Fylgiskjöl:

Yfirlitsmynd af rannsóknarstaðnum og nágrenni hans.

Yfirlitsmynd með uppmælingu á rannsóknarstaðnum.

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800, I. Skarðsárannáll. Reykjavík 1922-1927.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Holtsmúla. Örnefnastofnun Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Náttúrustofa Norðurlands vestra. Bréf frá aldursgreiningastofu Árósaháskóla, dagsett 10.07.2002.

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga: *Fornleifaskráning á Langholti og Geldingaholti 2005*. Byggðasafn Skagfirðinga, 2006.


Skurður 4
Vegslóði
Skurður 3
Hringlaga jarðmyndun
Skurður 1
Skurður 2
N
20m

Yfirlitskort af nágrenni uppgraftarsvæðis